

## 1175. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 15. ágúst 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Halbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1174. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1174. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Kæra til Landsréttar í máli gegn kjararáði, samþykkt milli funda

Ragnar Þór ræddi stuttlega frávísun héraðsdóms á máli VR gegn kjararáði en í tölvupósti dags. 3. júlí 2018 hafði hann óskað eftir samþykki stjórnar fyrir því að við myndum senda málið til Landsréttar.

Var það samþykkt af meirihluta stjórnarmanna með tölvupósti.

#### 3. Kjaramál

Ragnar Þór sagði frá því að uppkast að könnun um áherslur VR í kjarasamningum sé tilbúin og verði send út á mánudag. Gefinn er tveggja vikna svartími. Höldum svo fund um niðurstöðuna þann 13. september nk. á Selfossi með Trúnaðarráði – það verði e.k. stefnumótun um málefnið og endum með kvöldmat. Dagskrá hefst með hádegisverði kl. 12 og ættum við að vera búin um kl. 21. Þetta ætti að vera svipuð vinna og við unnum áður af sama tilefni í Turninum í Kópavogi. Vænta má amk 80 manns en vonandi koma um 100 manns. Þann 4. október kynnum við svo niðurstöðu þessarar vinnu en fyrst verður farið yfir málið í stjórn VR. Á þessum fundi hefjum við líka undirbúning fyrir ASÍ þingið sem hefst 24. október.

Ragnar Þór sagði frá því að hann og formenn Eflingar, Verkalýðsfélags Akraness og vonandi Framsýnar hyggist nú hittast vikulega fram að kjaraviðræðum til þess að stilla saman strengi. Við erum öflugri saman og það sem þau séu að skoða saman séu tillögur að skattkerfisbreytingum, styttingu vinnuviku ofl. sem verið hefur í umræðunni. Þetta sé allt að fara í gang og verði spennandi.

Umræður.

Sigmundur mætir hér til fundar kl. 17:50

#### 4. Persónuverndarstefna VR

Stefán fór yfir málið og sagði að þetta hafi þegar verið kynnt gróflega en leggur nú fram skjalið “*Persónuverndarstefna VR*” dags. ágúst 2018 og fór yfir efni þess. Í máli Stefáns kom m.a. fram að hér sé ekki verið að finna upp hjólið heldur fengum við form sem við sníðum að okkur. Áður hafði verið kynnt og stillt upp á vef félagsins lifandi skjali, “*Persónuverndaryfirlýsing VR*”, þar sem greint er frá hvernig VR stendur að söfnun, skráningu, vinnslu, vistun og miðlun persónugreinanlegra upplýsinga ofl.

Stefnan kemur í kjölfar nýrra laga um persónuvernd sem tóku gildi þann 15. júlí og byggja á samevrópskum lögum (GDPR) sem tóku gildi þann 25. maí 2018. Meginmarkmið GDPR er fyrst og fremst að færa einstaklingum aukna stjórn yfir persónuupplýsingum sínum og einfalda regluverk alþjóðaviðskipta með því að samræma reglur um persónuvernd innan ESB.

Í máli Stefáns kom fram að fylgni við reglur sé mjög mikilvæg því ströng viðurlög séu lögð við og það er VR kappsmál að uppfylla allar kröfur um persónuvernd og að vera leiðandi á meðal sambærilegra aðila.

Stefán lýsti nú megingilgangi og markmiðum. Þá fór hann yfir meginreglur/grundvallarreglur VR varðandi persónuvernd ofl.

Loks sagði hann frá því að fyrirhugað sé mjög víðtækt námskeið um efnið fyrir alla starfsmenn félagsins.

Umræður.

Að loknum umræðum mælti Ragnar Þór með því að stjórnin myndi samþykkja stefnuna eins og hún hafi nú verið kynnt en hún er svo hljóðandi:

### **Persónuverndarstefna VR**

**Ágúst, 2018**

#### Bakgrunnur og samhengi

#### Áhersla á persónuvernd

Með aukinni hagnýtingu á tæknilausnum, nýsköpun og auknum lagakröfum hvað snertir persónuverndarlöggjöf og auknum kröfum einstaklinga um upplýsingar um söfnun og notkun persónuupplýsinga þeirra, er persónuvernd orðin mikilvægur þáttur í starfsemi VR. Persónuverndarreglugerðin (GDPR) eru ný samevrópsk lög sem tóku gildi þann 25. maí 2018. Íslensk lög tóku gildi þann 15. júlí 2018 en þau byggja á GDPR.



Meginmarkmið GDPR reglugerðarinnar er fyrst og fremst að færa einstaklingum aukna stjórn yfir persónuupplýsingum sínum og einfalda regluverk alþjóðaviðskipta með því að samræma reglur um persónuvernd innan ESB.

Fylgni við reglur er mikilvæg þar sem skortur á fylgni við kröfur getur leitt til alvarlegra viðurlaga á borð við stjórnvaldssekta, dagsekta, varnarleysis fyrir árásum og/eða skaðað orðspor VR.

Það er VR kappsmál að uppfylla kröfur um persónuvernd og vera leiðandi á meðal sambærilegra aðila.

## Persónuverndarstefna Tilgangur

Meginmarkmið þess skjals er að veita stefnumiðaðar leiðbeiningar um notkun, meðhöndlun og verndun persónuupplýsinga sem unnar eru hjá VR. Þessi persónuverndarstefna er byggð á grunngildum VR sem snúa að trausti og gagnkvæmri virðingu.

Persónuverndarstefnan skal vera leiðbeinandi í rekstri VR þannig að vinnsla fari fram á öruggan og siðferðilega réttan hátt, og á sama tíma tryggja fylgni við gildandi persónuverndarlöggjöf. Þessi stefna styður ennfremur við það að VR sé áreiðanlegur samstarfsaðili og njóti trausts félagsmanna sinna.

## Stefnumörkuð markmið og tilgangur Undirstaða persónuverndarstefnu VR

Það er VR mikilvægt að viðhafa virka persónuvernd og að íturstu kröfum sé fylgt í allri starfsemi. Til að ná því takmarki mun VR:

- **Setja mörk** um hvernig VR notast við persónuupplýsingar í starfsemi sinni, og skrásetja tilgang notkunarinnar. Með því að setja mörk verður skýrt innan hvaða ramma skal starfa.
- **Setja viðmið um öryggi í vinnslu og áhættumat á vinnslu** en með því að setja stefnu um ásættanlegt öryggi við vinnslu persónuupplýsinga, og fylgja því eftir með virku eftirliti, má draga úr áhættu og líkum á því að öryggisbrot eigi sér stað.
- **Skýr skilgreining ábyrgðar** varðandi gögn og persónuvernd innan VR. Markmiðið er að skilgreina hvar ábyrgð á fylgni við persónuverndarlög liggur með því að vinna að almennum og sértækum verkefnum. Verkefnum skulu unnin eftir því sem við á til að tryggja að ábyrgð á



framkvæmd persónuverndar sé “á allra augum og eyrum” innan félagsins.

- **Sinna vitundarvakningu og þjálfun** starfsmanna. Það er mikilvægur þáttur í gagnavernd og til að tryggja að allir starfsmenn vinni í átt að sama markmiði. Þetta felur í sér að gera fólk meðvitað um hvaða reglur gilda, hvernig má nota persónuupplýsingar og umgangast gögn.
- **Koma á sterkum grundvelli fyrir persónuvernd** með því að innleiða viðeigandi verklagsreglur sem tryggja fylgni við persónuverndarlög, sem og viðeigandi eftirlit til að tryggja að unnið sé í samræmi við verklag.

## Meginreglur í persónuvernd hjá VR

### Persónuvernd er á ábyrgð allra

**Þekking á meginreglum persónuverndar og að virða þær er lykilatriði** til að tryggja rétta meðhöndlun gagna og fylgni við persónuverndarreglur

#### 1. Lögmæt, sanngjörn og gagnsæ vinnsla

Tryggja að rétt orðalag, þ.e. skýrt og skiljanlegt, sé notað til að upplýsa einstaklinga um vinnslu með persónugreinanleg gögn þeirra, og að heimildir til vinnslu séu vel skilgreindar.

#### 2. Tilgangur og tímamörk

VR þarf að hafa skýran og afmarkaðan tilgang með vinnslu persónuupplýsinga. Persónugreinanleg gögn verða einungis nýtt í samræmi við tilgang sinn, og í þann tíma sem nauðsynlegur er til að uppfylla þann tilgang.

#### 3. Lágörkun gagna

VR mun aðeins afla og vinna persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru miðað við tilgang og heimild. VR mun leitast við að gæta hófs í gagnasöfnun þannig að einungis nauðsynlegum upplýsingum sé safnað.

#### 4. Gæði og áreiðanleiki gagna

Persónuupplýsingar skulu ávallt vera nákvæmar, og þær leiðréttar án tafar ef þörf er á.

#### 5. Eyðing gagna

Þegar tilgangur með notkun persónuupplýsinga sem VR hefur í fórum sínum hefur verið uppfylltur, skal þeim eytt á öruggan og skilvirkan hátt, eða þau gerð nafnlaus.

## 6. Notkun þriðja aðila

Þegar þriðji aðili kemur að vinnslu persónuupplýsinga fyrir VR er mikilvægt að samningssambandið sé formfest með vinnslusamningi á milli aðila, þannig að ábyrgð og skyldur hvors um sig, t.d. varðandi öryggisbrot, sé ljós.

## 7. Réttindi einstaklinga

Öll vinnsla hjá VR fer fram með réttindi einstaklinga að leiðarljósi. Einstaklingar eiga rétt á að fá upplýsingar um notkun og vinnslu persónuupplýsinga þeirra; fá aðgang að gögnum sínum og til að láta uppfæra eða leiðrétta persónuupplýsingar sínar ef þær eru rangar eða úreltar.

## 8. Trúnaður og öryggi

Persónuupplýsingar skulu varðar með viðeigandi hætti. Þetta nær bæði yfir skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir.

## 9. Gagnaflutningur yfir landamæri

Í Evrópsku persónuverndarlöggjöfinni kemur fram að flytja megi gögn innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) þar sem aðildarríki eru öll undir viðeigandi persónuverndarlögum. VR leggur áherslu á að skipta einungis við vinnsluaðila sem vista gögn innan svæðisins.

## Stefnumarkandi grundvallarreglur VR varðandi persónuvernd

VR hefur sett sér **átta grundvallarreglur til að ná fram markmiðum sínum**, og er ætlað að vera leiðbeinandi í nálgun félagsins gagnvart persónuupplýsingum

**#1 Virðing** – Virðing gagnvart einstaklingnum og réttindum hans er grundvöllur til að vinna og efla traust

**#2 Notkun** – Ábyrg nýting og notkun persónuupplýsinga sem rúmast innan þeirra heimilda sem skilgreindar hafa verið til notkunar þeirra

**#3 Miðlun** – Miðlun persónuupplýsinga til þriðju aðila skal aðeins fara fram þar sem slíkt er skylt samkvæmt lögum eða er nauðsynlegt þar sem um er að ræða þjónustuveitanda, umboðsmann eða verktaka sem ráðinn er til að vinna ákveðna vinnu

**#4 Ábyrgð** – Við tökum ábyrgð á vinnslu sem fram fer og persónuupplýsingum starfsfólks

**#5 Samskipti** – Við viljum virk samskipti og upplýsingagjöf gagnvart félagsmönnum og starfsmönnum

**#6 Vernda** – Við notumst við viðeigandi tækni- og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja persónugögn félagsmanna og starfsfólks eins og kostur er

**#7 Ábyrgðarskylda** – Við knýjum fram fylgni við persónuverndaryfirlýsingu VR með því að tryggja að starfsfólk sé meðvitað um skyldur og hlutverk sín

**#8 Skipulag** – Við höfum viðeigandi stjórnskipulag til að tryggja að réttir aðilar beri ábyrgð, séu ábyrgir, tryggi samræmi og séu með í ráðum þegar upp koma mál sem tengjast persónuverndarmálum

## Grundvöllur

### Lykilatriði í fylgni við persónuverndaryfirlýsingu VR

| Undirstaða | Metnaður  | Framkvæmd   |
|------------|---|---|
| Starfsfólk | Hæft og ábyrgðarfullt starfsfólk, virkjað með réttum stjórnarháttum og er meðvitað um mikilvægi persónuverndar hjá VR   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Viðeigandi þjálfun fyrir starfsfólk</li> <li>Skýr miðlun verklagsreglna</li> <li>Stuðningur við persónuverndarfulltrúa</li> </ul>  |
| Ferlar     | Einfalt, hagnýtt og straumlínulagað ferli með hröðum svörum við beiðnum og fyrirspurnum skráðra einstaklinga og skilvirkt eftirlit og upplýsingagjöf um fylgni við persónuverndarreglur | <ul style="list-style-type: none"> <li>Skýrar verklagsreglur sem taka á gagnavernd (t.d. persónuverndaryfirlýsing, stefna um öryggi í vinnslu, stefna um réttindi skráðra einstaklinga o.fl.)</li> <li>Persónuvernd innleidd í skipulag félagsins</li> </ul>          |
| Tækni      | Skilvirk upplýsingakerfi sem styðja við örugga vinnslu með persónuupplýsingar og henta þeim tilgangi sem liggur til grundvallar vinnslu   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiðing tæknilausna sem styðja við gagnavernd</li> <li>Skýrar og skipulagðar geymslur gagnasafna sem styðja við svörum við beiðnum félagsmanna</li> <li>Vinnsluskrá yfir alla vinnslu með persónugreinanleg gögn</li> </ul> |

Þá bar Ragnar Þór stefnuna upp til atkvæða.

Samþykkt.

14 með – 0 á móti – 0 sat hjá

#### 5. Breyting á launakönnun VR

Stefán lagði fram skjalið *“Tillaga að breytingu á launakönnun”* dags. 9. ágúst 2018 og fór yfir efni þess.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að VR hafi verið með árlega launakönnun í tvo áratugi en nú sé lagt til að færa þessa skoðun launa félagsmanna í auknum mæli inná Mínar síður á vef VR og gera frekar launakönnun þriðja hvert ár og byggja samanburð á rauntölum fremur en könnun.

Meirihluti félagsmanna fara inn á Mínar síður árlega og þar er nú birt launareiknivél þar sem við höfum safnað upplýsingum um vinnutíma og starfsheiti en það eru þær lykilupplýsingar sem okkur hefur vantað til að geta sjálf framkvæmt könnunina með rauntölum iðgjaldagreiðslna.

Lagt er til að farið verði í kynningu á launareiknivélinni á Mínum síðum, upplýsingum um vinnutíma og starfsheiti félagsmanna safnað og reiknivél á Mínum síðum breytt til samræmis við reiknivél launakönnunar á ytri vef. Áætlaður útlagður kostnaður er um fjórar milljónir króna. Miðað við skráningar síðasta árs má gera ráð fyrir að um tíu þúsund félagsmenn skrái vinnutíma sinn og starfsheiti í slíku átaki. Í launakönnun 2018 voru svör 6.300 félagsmanna notuð við gerð á launakönnun.

Til að fá viðmið fyrir félagsmenn er lagt til að einu sinni til tvisvar á ári verði tekin út staða eftir starfsheitum og atvinnugreinum (grunn- og heildarlaun) sem birt verði á ytri vef á sambærilegan hátt og nú er gert með launakönnun. Á þeim tíma verði einnig fjallað um launamun kynjanna og þróun vinnutíma og samanburð við birtar niðurstöður annarra kannanna eða talna frá Hagstofu. Launakönnun verði gerð þriðja hvert ár þar sem megináhersla væri lögð á þróun launa og annarra kjaratengdra atriða sem og kynbundinn launamun.

Með þessari breytingu nota félagsmenn rauntölur í stað könnunar til að sjá hvar þeir standa í samanburði við aðra félagsmenn í sambærilegu starfi. Einnig verður um lifandi tölur að ræða en ekki uppfært einu sinni á ári eins og nú er gert.

Umræður.

Ragnar Þór bar þá upp þessar breytingar á fyrirkomulagi launakönnunar VR upp til atkvæða.

Samþykkt.

13 með – 0 á móti 1 sat hjá –

Ingibjörg Ósk sat hjá og óskaði eftir að það væri bókað í fundargerð.

## 6. Upplýsingastefna VR tillögur að breytingum

Stefán lagði fram skjölin *“Upplýsingastefna VR – ytri” STE-011* útgáfa 5.5 dags. 21.11 2014 og *“Um framkvæmd upplýsingastefnu VR”* LEB-320 útgáfa 4.2 dags. 07.06 2017. Fór hann yfir efni þeirra á slæðum en á þeim höfðu verið gerðar breytingartillögur (með track-changes í MS Word).

Sagði Stefán þetta vera minniháttar breytingar sem væru gerðar þar sem staða fagstjóra upplýsingamála hafi fallið niður er Steinunn Böðvarsdóttir flutti sig um set frá Próunarsviði yfir til Fjármála- og rekstrarsviðs. Starfsmenn og forstöðumaður Próunarsviðs hafi tekið yfir verkefni hennar og það þurfi því að koma fram í þessum skjölum.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór þessar breytingar upp til atkvæða.  
Samþykkt.

14 með – 0 á móti – 0 sat hjá.

Upplýsingastefna VR er því þannig að samþykktum breytingum:

### Upplýsingastefna VR – ytri

Krafa félagsmanna VR er að félagið sinni upplýsingamiðlun fljótt og örugglega. Betra upplýsingaflæði frá félaginu og opin samskipti auka traust og trúnað. VR hefur mótað upplýsingastefnu sem er grunnur að samskiptum við félagsmenn, almenning og fjölmiðla og felur í sér markmið félagsins í upplýsingamálum.

#### 1. Markmið

a. Að tryggja rétta, tímanlega og markvissa upplýsingagjöf til félagsmanna um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum sem og upplýsingar um stöðu þeirra og réttindi hjá félaginu

b. Að tryggja gott flæði upplýsinga til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og annarra sem starfa í þágu félagsins





c. Að koma á framfæri við félagsmenn og aðra upplýsingum um starfsemi félagsins og ákvarðanir þess

d. Að skapa vettvang fyrir samskipti VR við fjölmiðla

## 2. Umfang

a. Upplýsingastefnan tekur til allrar fréttá- og upplýsingamiðlunar frá félaginu

## 3. Ábyrgð og eftirfylgni

a. Formaður ber heildarábyrgð á upplýsingastefnu VR og reglulegri endurskoðun

b. Forstöðumaður Þróunarsviðs ber ábyrgð á að upplýsingastefnunni sé framfylgt í umboði formanns

c. Forstöðumenn bera ábyrgð á að upplýsingum um starfsemi sinna sviða sé komið á framfæri á markvissan hátt

## 4. Aðgengi að upplýsingum og meðferð þeirra

a. Um meðferð persónutengdra upplýsinga fer skv. lögum um persónuvernd

b. Aðgengi félagsmanna að upplýsingum er m.a. í gegnum eftirtalda miðla:

i. heimasíða VR, þ.m.t. Mínar síður

ii. samfélagsmiðlar, s.s. facebook, twitter osfr.

iii. rafrænar fyrirspurnir, vr@vr.is

iv. VR blaðið

v. auglýsingar og útgefið efni

vi. fundir o.þ.h.

vii. trúnaðarmenn á vinnustöðum

viii. beinn markpóstur til félagsmanna

ix. umfjöllun um starfsemi félagsins í öðrum miðlum

c. Aðgengi almennings að upplýsingum er m.a. í gegnum eftirtalda miðla:

i. heimasíða VR

ii. samfélagsmiðlar, s.s. facebook, twitter osfr.

iii. rafrænar fyrirspurnir, vr@vr.is

iv. VR blaðið

v. auglýsingar og útgefið efni

vi. umfjöllun um starfsemi félagsins í öðrum miðlum

- d. Aðgengi fjölmiðla að upplýsingum er í gegnum sömu miðla og almennings en að auki:
- Formaður félagsins er talsmaður þess við fjölmiðla
  - Próunarsvið í samráði við formann sjá um að koma á framfæri til fjölmiðla fréttatilkynningum og öðrum upplýsingum, ef þörf er á

Samþykkt á fundi stjórnar VR 15. ágúst 2018.

## 7. Val á fulltrúum VR á þing ASÍ

Ragnar Þór sagði að um tvær leiðir væri að ræða til að kjósa fulltrúa félagsins á komandi þing ASÍ dagana 24. – 26. október nk. samkvæmt lögum og reglugerðum. Það væri annars vegar með kosningum, eftir uppástungum, á opnum félagsfundi eða þá með listakosningu í allsherjaratkvæðagreiðslu. Við höfum farið báðar leiðir en í þetta sinn stingur hann uppá að við veljum leið allsherjaratkvæðagreiðslu. Þetta er mikilvægt þing og við þurfum að hafa alla okkar fulltrúa á þinginu þ.e. okkar þéttasta bakland en auðvitað auglýsum við líka eftir öðrum áhugasömum félagsmönnum til að fylla listann.

Stakk hann uppá því að eðlilegt sé að stjórn og trúnaðarráð hafi forgang við skipan listans en svo komi trúnaðarmenn og síðast almennir félagsmenn. Þetta væri sú röð sem við myndum velja eftir á listann.

Umræður.

Í umræðum var ákveðið að þegar þeim sleppir sem við setjum í forgang á listann samkvæmt ofangreindu verði notað slembival til að velja þá sem uppá vantar til að fylla listann en þó að teknu tilliti til kyns og aldurs þannig að sem best dreifing verði.

Ragnar Þór bar nú upp þá tillögu sína að viðhöfð verði listakosning í allsherjaratkvæðagreiðslu til að velja fulltrúa VR á komandi ASÍ þing í október 2018.

Samþykkt.

14 með – 0 á móti – 0 sat hjá

## 8. Lýðræðislega rekin fyrirtæki, erindi frá Friðriki Boða

Friðrik Boði fór nú yfir á slæðum hugleiðingar sínar um lýðræðislega rekin fyrirtæki. Lykilorðin væru lýðræði og siðferði þar sem markmiðið væri að færa starfsfólki fyrirtækja meiri völd. Nefndi hann ýmis atriði sem mæltu með slíku rekstrarformi og dæmi um fyrirtæki hérlendis og erlendis sem starfrækt væru samkvæmt þeirri hugmyndafræði að starfsmenn væru eigendur eða amk í stjórnnum fyrirtækja sem rödd almennra starfsmanna. Þá reifaði hann efnahagsleg áhrif lýðræðisfélaga og nokkrar mögulegar útfærslur.

Umræður.

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór honum fyrir áhugvert erindi og sagði að vert væri að skoða áfram þau atriði sem þar var brugðið upp og við gætum haft í huga t.d. við kjarasamningagerð félagsins.

#### **9. Skipting ellilífeyrisréttinda milli hjóna**

Stefán lagði fram skjalið “Skipting lífeyrisréttinda milli hjóna/sambúðarfólks” dags. 9. ágúst 2018. Kom fram að þessu væri stillt upp í framhaldi af umræðum um málið frá fyrri stjórnarfundum.

Steinunn Böðvarsdóttir tók saman þetta skjal og stillti upp dæmum. Fór Stefán lauslega yfir efni þess og kom m.a. fram í máli hans að nokkuð villandi umræða hafi farið fram á netmiðlum um málefnið. Aðallega hafi borið á þeim misskilningi að þetta henti öllum en í mörg horn sé að líta.

Umræður.

Fundi slitið kl. 21:00

Árni Leósson, fundarritari